



Flokkun veitingastaða - byggingarleyfi. Vinnureglur.

Reykjanesbær 5. maí 2010.

1. Flokkun veitingastaða er skilgreind í lögum nr. 85/2007 og í reglugerð nr. 585/2007.
2. Þegar sótt er um byggingarleyfi fyrir veitingastað skal umsækjandi sjálfur tilgreina flokk veitingastaðar en flokkarnir eru þrír. Flokkur I, II og III.
3. Starfsmenn byggingafulltrúa skulu bóka skilmerkilega í fundargerð umsóttu flokkun.
4. Sækja skal um byggingarleyfi sé fyrirhugað að breyta starfsemi þannig að hún færist milli flokka.
5. Þegar sótt er um byggingarleyfi vegna flutnings milli flokka án þess að breyting sé gerð á fyrirkomulagi veitingastaðarins er óþarft að umsækjandi leggi fram nýja aðaluppdrætti. Slíkar umsóknir skal afgreiða með hefðbundnum hætti.
6. Ef umsókn lýtur að flutningi veitingaleyfis úr Flokki I eða II í Flokk III eða sótt um byggingarleyfi fyrir veitingastað í Flokki III skal umsækjandi leggja fram hljóðvistarskýrslu, gerða af viðurkenndum hljóðvistarráðgjafa. Í skýrslunni skal koma fram hvort veitingastaðurinn uppfylli ákvæði byggingareglugerðar nr. 441/1998 og reglugerðar um hávaða nr. 724/2008 gagnvart öðrum eignarhlutum í byggingunni, séu þeir fyrir hendi og ytra umhverfi sbr. reglugerð nr. 724/2008. Miða skal við að jafngildishljóðstig frá starfseminni inni á veitingarstaðnum sé 95 dB(A), sbr. reglugerð nr. 724/2008.
7. Þegar nýr rekstraraðili sækir um leyfi í húsnæði sem áður hefur verið samþykkt sem skemmtistaður í Flokki III en hefur ekki fengið úttekt samkvæmt grein 6 skal viðkomandi uppfylla grein 6, hér að ofan.

Byggingafulltrúi Reykjanesbæjar.

Samþykkt í Umhverfis- og skipulagsráði þann 12.05.2010.
Staðfesti í Bæjarstjórn þann 18.05.2010.